



TILLÖGUR STJÓRNAR FÍ FASTEIGNAFÉLAGS SLHF. TIL AÐALFUNDAR FÉLAGSINS ÞANN 29. APRÍL 2024

1. Ársreikningur

Stjórn FÍ fasteignafélags slhf. leggur til við aðalfund félagsins að ársreikningur fyrir árið 2023 verði staðfestur.

2. Ráðstöfun hagnaðar/taps

Stjórn FÍ fasteignafélags slhf. leggur til við aðalfund félagsins að ekki verði greiddur arður til hluthafa félagsins.

3. Þóknun til stjórnarmanna

Stjórn FÍ fasteignafélags slhf. leggur til við aðalfund félagsins að hann samþykki að þóknunir til stjórnarmanna á tímabilinu frá aðalfundi FÍ fasteignafélags slhf. til næsta aðalfundar verði sem hér segir: Stjórnarformaður fær kr. 50.000 fyrir hvern setinn fund, aðrir stjórnarmenn fá kr. 25.000 fyrir hvern setinn fund og varamenn kr. 20.000 fyrir hvern setinn fund. Þó fær stjórnarformaður aldrei hærri laun en kr. 100.000 á mánuði og aðrir stjórnarmenn fá aldrei hærri laun en kr. 50.000 mánaðarlega þótt stjórnarfundir verða fleiri en tveir í viðeigandi mánuði.

4. Framboð til stjórnar

Framboðsfrestur rennur út fimm dögum fyrir upphaf aðalfundar. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

5. Endurskoðandi

Stjórn FÍ fasteignafélags slhf. leggur til við aðalfund félagsins að Deloitte ehf. verði endurskoðunarfyrirtæki félagsins og að Guðmundur Ingólfsson muni annast endurskoðunina f.h. Deloitte ehf.

6. Starfskjarastefna

Stjórn FÍ fasteignafélags slhf. leggur til við aðalfund félagsins að starfskjarastefna félagsins, sem er að finna í viðauka 1 við þetta skjal, verði samþykkt.

Reykjavík, 8. apríl 2024

Stjórn FÍ fasteignafélags slhf.

VIÐAUKI 1

STARFSKJARASTEFNA FÍ FASTEIGNAFÉLAGS SLHF.